

Lyfjagreiðslunefnd

FUNDARGERÐ 308. fundar

Dagsetning og staður: 26. nóvember 2019 kl. 08:00 að Vínlandsleið 14, Reykjavík. Fundi lýkur kl. 09:50

Fundinn sátu:

Nefndarmenn:

Eva Ágústsdóttir, formaður

Andrés Magnússon boðaði forföll og sat Jóhann M. Lenharðsson varamaður hans fundinn í hans stað.

Katrín E. Hjörleifsdóttir, varamaður hennar Guðrún Björg Elíasdóttir mætir 08:04

Kristinn H. Jónasson boðaði forföll en var í símasambandi frá 08:25-09:48 Varamaður hans Steinunn Sigvaldadóttir boðaði forföll.

Eva björk Valdimarsdóttir boðaði forföll og sat Rúna Hauksdóttir Hvannberg varamaður hennar fundinn í hennar stað.

Starfsmenn nefndarinnar:

Sveinbjörn Högnason (ritari)

Aðrir:

Ólafur Adolfsson, fulltrúi smásala í FA, mætir kl. 08:51 fer af fundi kl. 09:40

Kjartan Örn Þórðarson, fulltrúi smásala í SVP, mætir kl. 08:51 fer af fundi kl. 09:40

1	Endurskoðun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfja, frh. frá 308. fundi
	<p>Fulltrúar SÍ og smásala hittust á fundi þann 21. nóvember 2019 og fóru yfir útreikninga til endurskoðunar smásöluálagningar með vísan til samkomulags milli lyfjagreiðslunefndar og smásala, dags. 10. apríl 2017, og komust að samhljóða niðurstöðu um aðferðafræði útreikninga til endurskoðunar smásöluálagningar.</p> <p>Sjúkratryggingar Íslands leggja fram, einhliða, minnisblað um endurskoðun smásöluálagningar lyfseðilsskyldra lyfja með gildistöku 1. janúar 2020, sbr. samkomulag milli lyfjagreiðslunefndar og smásala, dags. 10. apríl 2017. Afstaða Sjúkratrygginga Íslands til endurskoðunar smásöluálagningu lyfja kemur fram í minnisblaðinu.</p> <p>Samkvæmt áðurnefndu samkomulagi, reiknað út frá verðlagsforsendum fjárlaga, myndi krónutöluálagning hækka um 3,76%.</p>
Niðurstaða:	Fram kom á fundi Sjúkratrygginga og fulltrúa smásala að staða fjárlagaliðar almennra lyfja stefnir í verulegan halla og að Sjúkratryggingar geta ekki stutt hækkun smásöluálagningar enda myndi slíkt auka enn á fyrirséðan halla. Fjárlög eru enn óafgreidd. Sjúkratryggingar hafa óskað eftir viðbrögðum frá heilbrigðisráðuneyti hvernig

	<p>eigi að bregðast við hallanum en ekki fengið svör enn. Staðan er því þannig að raunkostnaður fjárlagaliðar almennra lyfja er enn óljós og mun ekki verða ljós fyrr en eftir endanlega afgreiðslu fjárlaga og að fengnum upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu. Þetta var einnig kynnt og rætt á fundi lyfjagreiðslunefndar nú með fulltrúum smásala.</p> <p>Lyfjagreiðslunefnd ákvað, í ljósi þess sem að framan greinir, að fresta ákvörðun um mögulega endurskoðun smásöluálagningar og að endanleg ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en í tengslum við útgáfu lyfjaverðskrár 1. apríl 2020. Smásöluálagning er því óbreytt þar til annað verður ákveðið. Fulltrúum smásala var greint frá þessu sem og að nefndin muni nú þegar halda áfram vinnu sem liggja verði til grundvallar endanlegri ákvörðun. Fram kom á fundinum að fulltrúar smásala munu fá upplýsingar um framgang þessarar vinnu, eftir því sem við á, sem og tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina.</p> <p>Fulltrúar smásala kváðust myndu senda lyfjagreiðslunefnd bókun vegna fundarins.</p>